

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 182/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Birgi Kristjánssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáráar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Páll Þórðarson löggæzlumaður kom fyrir dóm hinn 9. janúar 1969. Hann skýrði þá m. a. svo frá, að bifreið sú, sem í málinu greinir, „hafi ekki borið með sér, að hún væri lögreglubifreið, ekki haft nein merki eða sirenu. Þetta hafi verið gamall herjeppi“, sem ekki hafi verið unnt að læsa, „og hafi hann staðið ólæstur við gamla læknisbústaðinn niður við höfn“.

Löggæzlumaðurinn staðfesti skýrslur sínar í málinu með eiði.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 20. maí 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. apríl s.l., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, útgefnu þann 9. febrúar 1968, gegn Birgi Kristjánssyni, Vesturgötu 12, Keflavík, fyrir að hafa laugardagsnóttina 9. júlí 1966 ásamt Magnúsi Þorsteini Karlsyni, Kleppsvegi 26, Reykjavík, heimildarlaust tekið lögreglubifreiðina J 14 og farið á henni um Þórshöfn og nágrenni, en nefndur Magnús Þorsteinn ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 18. september 1942 í Reykjavík, hefur samkvæmt sakaskrá ríkisins sætt þessum refsingum:

- 1959 í Keflavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 1. 9. 1959.
- 1960 28/11 í Reykjavík: Kærður fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað í 3 ár frá d.u.s.
- 1962 16/4 í Keflavík: Sátt, 90 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 128/1954 um vegabréf á varnarsvæðum NATO.
- 1962 2/7 í Keflavík: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 155., 209. og 225. gr. hegningarlaga.
- 1963 28/8 í Keflavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
- 1964 9/4 í Keflavík: Dómur: 5.000 kr. sekt og tveggja ára öku-leyfissvipting fyrir ölvunar- og gáleysisakstur frá 9. 2. 1964 að telja.
- 1965 13/10 í Keflavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 25/4 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir.

Laugardagsmorguninn 9. júlí 1966 um kl. 0800 kom Páll Þórðarson löggæzlumaður að lögreglubifreiðinni J 14 á Þórshöfn á Langanesi. Inni í bifreiðinni var sofandi maður, sem reyndist vera

Magnús Þorsteinn Karlsson, Kleppsvégi 26, Reykjavík, og reyndist hann vera ofurölvi. Fékk nú lögreglumaðurinn aðstoð til að koma Magnúsi heim til sín, þar sem honum fannst þetta ekkert grunnlegt og taldi, að Magnús hefði einungis leitað sér skjóls þarna.

Þó hafði nefndur Magnús komið að máli við hann fyrr um nóttina og spurt hann, hvort hann vildi aka honum og ákærða í máli þessu inn í Gunnarsstaði, en þar þekkti ákærði kvenmann, eða lána þeim bílinn. Þessu neitaði lögreglumaðurinn. Ekki setti lögreglumaðurinn dvöl Magnúsar í bílnum á nokkurn hátt í samband við þessa beiðni hans.

Um hádegisbilið, er lögreglumaðurinn hugðist nota bifreiðina, veitti hann því athygli, að einhverjir óviðkomandi hefðu notað bifreiðina. Grunaði lögreglumanninn þá, að þarna hefðu verið á ferð nefndur Magnús og ákærði.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni seinna um daginn skýrði ákærði svo frá:

Það atvikaðist einhvern veginn svo, að við Maggi fórum út að lögreglubílnum og inn í hann. Á einhvern hátt tókst Magga að koma bílnum í gang.

Síðan ók Maggi af stað. Var fyrst farið út að Sauðanesi, snúið þar við og haldið inn eftir í gegnum þorpið og inn í Þistilfjörð. Ekki sagðist ákærði muna eftir því, að nokkur ákvörðunarstaður væri ákveðinn, en minnti þó, að þeir hefðu ætlað inn í Gunnarsstaði, en hætt við það, þegar bifreiðin lenti út af veginum. Reyndi þá ákærði að koma Magnúsi úr öikumannssætinu, þar sem hann taldi sig betur færan til aksturs, en það tókst ekki.

Þegar ökuferðinni lauk, gekk ákærði frá bifreiðinni, eins og hún var um morguninn. Síðan fór ákærði heim til sín að sofa.

Ákærði skýrði svo frá fyrir sakadómi Keflavíkur, að hann hefði ekki áttað sig á því, hvað hann var að gera, er þeir tóku bifreiðina, og sagðist hafa verið mjög ölváður.

Samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni í umrætt sinn gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og er þar rétt færð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Kristjánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarn-
arlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1969.

Nr. 155/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Kristni Marinó Gunnarssyni

(Guðm. Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Lögglumennirnir Ívar Pétur Hannesson og Björn Ey-
steins Kristjánsson hafa eftir áfrýjun málsins komið fyrir
dóm og staðfest skýrslur um sakaratriði.

Héraðsdómari hefur vottað, að varðhaldsrefsingu sam-
kvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1959 hafi með
náðun 5. október 1963 verið breytt í sekt, er ákærði hafi greitt
á árinu 1964, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm-
inn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með
talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda
síns, kr. 8.000.00.